

154

10. sept.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi eigenda Félagsprentsmiðjunnar h/f hinn 1. maí 1940.

Reykjavík, 30. ágúst 1940.

Félagsprentsmiðjan h/f.

P. P. J. Gunnarsson. Þór. Kristjánsson. Kristján Guðlaugsson.

155

11. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blöndu,
nr. 14 5. marz 1930, sbr. auglýsingu nr. 53 27. marz 1939.

Í stað „Hnjúkur, 180 einingar“ og „Blönduós, 200 einingar“, komi: Blönduós-hreppur 700 einingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsvéiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. september 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

156

13. sept.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar“ útgefin á venjulegan hátt 13. september 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar
búenda í Öxl í Austur-Húnavatnssýslu, árin 1862—1884.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur og Sigurðar Hafsteinssonar búenda í Öxl í Austur-Húnavatnssýslu árin 1862—1884. Er hann stofnaður af syni þeirra, Hafsteini Sigurðssyni, sparisjóðsgjaldkera á Blönduósi. Stofnfé sjóðsins er krónur 6000.00 — sex þúsund krónur —, í skuldabréfum Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga (með vaxtamiðum frá 1. jan. 1940).

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabréfum, rikisskuldabréfum eða hliðstæðum jafntryggum verðbréfum, en laust fé sjóðsins skal jafnan ávaxta í Sparisjóði Húnavatnssýslu.

3. gr.

156

13. sept.

Öllum vöxtum sjóðsins, eftir að hann tekur til starfa, en það skal vera á árinu 1941, má fyrst um sinn verja til styrktar Sigurði Jónssyni á Litlu-Giljá eða konu hans og börnum þeirra undir 16 ára aldri, ef þau hafa við vanheilsu að búa, og ekki fá verulega hjálp annars staðar (svo sem beinan sveitarstyrk).

Að þessu loknu skal $\frac{1}{4}$ hluti vaxta sjóðsins lagður árlega við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum vaxtanna skal verja til styrktar fátækum sjúklingum, sem þurfa á sjúkrahúsvist eða læknishjálpi að halda í Austur-Húnavatnssýslu, og njóta ekki opinbers styrks. Ættingjar fyrr nefndra hjóna ganga fyrir með styrk. Þar næst koma til greina þeir aðrir sjúklingar, sem eiga heimili í Sveinsstaðahreppi eða þeim hluta, sem Sveinsstaðahreppur nú nær yfir. Styrknum má eigi skipta meir en svo, að hann komi að sem beztum notum fyrir hvern styrkþega og má aldrei vera minni til hvers einstaklings en kr. 100.00. Berklasjúklingum, sem nýkomnir eru af heilsuhælum, má veita styrk.

Álítist ekki þörf eitthvert ár að úthluta styrk, leggst það, sem úthluta ber einnig við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi sýslumaður Austur-Húnavatnssýslu, presturinn í Þingeyrarsókn og hreppstjóri Sveinsstaðahrepps. Ætlast er til þess, að stjórn sjóðsins starfi kauplaust, en útlagðan kostnað skal greiða af því fé, sem úthluta ber.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók yfir eignir hans, árlegar tekjur og gjöld, og færa inn í hana ársreikning sjóðsins, en reikningsárið er almanaksárið. Ennfremur haldi sjóðstjórnin gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk og styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

6. gr.

Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og reikningurinn framlagður á aðalfundi nefndarinnar til úrskurðar.

7. gr.

Að fimmtíu árum liðnum frá því sjóðurinn tók til starfa má breyta skipulagsskrá hans í samræmi við breytta tíma, en þó má aldrei breyta nafni sjóðsins og ætíð halda áfram hjálparstarfsemi líkt og þeirri, sem nú er gert ráð fyrir, og skal fá ríkisstjórnarstaðfestingu á sjálfri breytingunni.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.